

49
25. apríl

8. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt um lokunartíma sölubúða á Akureyrarkaupstað frá 10. júlí 1923.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. apríl 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

SAMÞYKKT

um

50
6. júní

Þyngd bakarabrauða brauðgerðarhúsa í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Þyngd bakarabrauða, bakaðra frá brauðgerðarhúsum innan lögsagnarumdæmis Siglufjarðar skal vera sem hjer segir:

1. Rúgbrauð heil	3000 gr.
2. Rúgbrauð hálf	1500 —
3. Hveitibrauð (franskbrauð) heil	500 —
4. Hveitibrauð (franskbrauð) hálf	250 —
5. Sigtibrauð, heil	500 —
6. Sigtibrauð, hálf	250 —
7. Súrbrauð, heil	500 —
8. Súrbrauð, hálf	250 —
9. Landbrauð, heil	500 —
10. Landbrauð, hálf	250 —
11. Normal og hálsigtibrauð, heil	2500 —
12. Normal og hálsigtibrauð, hálf	1250 —
13. Hveitihleifar	1500 —

2. gr.

Óheimilt er að selja brauð þau, er að ofan greinir, með minni þyngd en segir í 1. gr., er þau eru vegin nýbökuð, en þó kólnuð svo, að

að vel megi handleika þau berum höndum. Brauðin mega ekki hafa meira vatn í sjer en 38%, þó skal það eigi teljast brot þótt einstöku brauð sjeu 3% ljettari en ákveðið er, en á þyngd 20 brauða má mismunurinn aðeins vera 1%.

3. gr.

Brot á reglugjörð þessari varða sektum, alt að 100 kr., sem rennur í bæjarsjóð Siglufjarðar.

4. gr.

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 11, 16. mars 1917, um þyngd bakara-brauða, staðfestist hjermeð.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. júní 1928.

Magnús J. Kristjánsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGJÖRÐ

um

eyðing refa í Borgarfjarðarsýslu.

I. KAFLI.

1. gr.

Á sameiginlegum fjallskilafundi hvers leitarsvæðis, skulu viðkomandi hreppsnefndir kjósa 1 mann til þess að hafa yfirumsjón refaeyðingarmála á leitarsvæðinu, og kallast hann refaeyðingarstjóri.

2. gr.

Hver búandi maður, er árlega skyldur að leita grenja í heimalandi ábýlisjarðar sinnar, (sbr. 8. gr. fjallskilareglug.). Á afrjettum og fjalllöndum skal leita grenja einu sinni eða tvisvar á vori hverju,